

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn
frá Líneik Önnu Sævars dóttur um plastagnir.

1. *Hvaða reglur gilda um innihald plastefna í snyrti- og hreinlætisvörum sem geta verið ógnun við umhverfið, sérstaklega lífríki hafssins?*

Engar takmarkanir gilda um notkun plastefna samkvæmt reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur, né í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009, en sú reglugerð var innleidd hér á landi með fyrrnefndu reglugerðinni.

Samkvæmt viðmiðum Svansmerktra snyrtivara er bannað að nota *microplastics* í slíkum vörum. Í þeim viðmiðum er *microplastics* skilgreint sem óuppleysanlegar plastagnir sem eru innan við 1 mm að stærð og brotna ekki niður í lífverum. Sjá nánar um viðmið fyrir Svansmerktar snyrtivörur á eftirfarandi vefsloð:

<http://www.svanen.se/Foretag/Kriterier/kriterie/?productGroupID=53>

2. *Er til opinber listi yfir snyrti- og hreinlætisvörur sem innihalda engar plastagnir?*

Eins og er, er slíkur listi ekki til en vissulega væri mikil hagur af því fyrir neytendur að hafa aðgang að slíkum upplýsingum.

3. *Ber framleiðendum eða seljendum að merkja vörur af þessu tagi sérstaklega svo að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á því að þær innihaldi plast?*

Ekki er skylda að merkja sérstaklega vörur sem innihalda plastefni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 577/2013, um snyrtivörur, og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 er þó skylt að telja upp öll innihaldsefni snyrtivara í skrá á umbúðum þeirra. Í skrá yfir innihaldsefni skal því koma fram ef plastefni er í snyrtivöru. Í skránni skulu öll efni og efna-blöndur talin upp í lækkandi röð eftir þyngd og skulu nöfn þeirra vera samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu nafnakerfi, svo sem INCI (alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara) eða öðru nafnakerfi. Algengasta plastefnið sem notað er í snyrti- og hreinlætisvörur ber heitið *polyethylene*, skammstafað PE, sem einnig má nefna *polythene* samkvæmt INCI-nafnakerfinu.

4. *Hafa verið gerðar sérstakar mælingar á plastögnum í hafinu umhverfis Ísland? Hafa plastagnir mælst í hafinu?*

Ekki hafa verið gerðar sérstakar mælingar á plastögnum í hafinu umhverfis Ísland. Nýlega var sett á fót verkefni sem miðar að því að kanna hversu mikið af plastögnum berst út í hafið með skólpi. MATÍS tekur þátt í þessu verkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni og er samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar og Finnlands.

Í rannsóknarleiðangri sem samtökin 5 Gyres Institute stóð fyrir sl. sumar þar sem siglt var frá Bermúðaeyjum til Íslands og sjósýni tekin til að kanna magn plastagna í hafinu, kom í ljós að plastagnir voru í öllum sýnum sem tekin voru.

5. Hversu mikið af plastögnum fer árlega í hafið umhverfis Íslands?

Ekki hafa verið gerðar þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að meta hversu mikið af plastögnum fer árlega í hafið umhverfis Íslands. Benda má á að plastagnir í hafinu eru bæði afleiðing af niðurbroti plasts í hafinu og örplast sem berst út í hafið. Gera má ráð fyrir að þegar niðurstöður norræna plastagna-verkefnisins liggja fyrir verði hægt að meta að einhverju leyti magn plastagna sem berast í hafið með skolpi.